

**2017**

**Ársskýrsla  
Lögreglustjórans á  
Vesturlandi**



Útgefandi: Lögreglustjórinn á Vesturlandi  
[www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)  
Ritstjóri: Úlfar Lúðvíksson  
Uppsetning: Lögreglustjórinn á Vesturlandi  
Útgefið: Apríl 2018

## Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	4
<b>2. SKIPURIT</b> .....	5
<b>3. LÖGREGLUEMBÆTTID</b> .....	6
3.1 Stefnumótun og áherslur árið 2017.....	6
3.2 Starfsmannahald.....	6
3.3 Tækja- og búnaðarmál.....	6
<b>4. ALMENN LÖGGÆSLA</b> .....	6
4.1 Almannaþingin.....	6
4.2 Umferðarmál.....	6
4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæði og forvarnir.....	6
4.4 Fangageymslur.....	6
4.5 Önnur verkefni lögreglu.....	7
<b>5. RANNSÓKN BROTA</b> .....	7
5.1 Auðgunarbrot.....	7
5.2 Fíkniefnabrot.....	8
5.3 Ofbeldisbrot.....	8
5.4 Fjármunabrot.....	8
<b>6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR</b> .....	8
6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála.....	8
6.2 Sektargerðir.....	8
<b>7. YFIRLIT UM FJÖLDA BROTA 2012-2017</b> .....	9
7.1 Umferðarlagabrot.....	9
7.2 Fjöldi umferðarslysa.....	9
7.3 Sérrefsilagabrot.....	10
7.4 Hegningarlagabrot.....	10
<b>8. SÉRSTÖK VERKEFNI</b> .....	10
<b>9. YFIRLIT UM AFKOMU ÁRSINS 2017</b> .....	11

## 1. INNGANGUR

Eitt af verkefnum lögreglu er að standa vel að umferðareftirliti með áherslu á hraðaeftirlit. Sýnilegt umferðareftirlit hefur jákvæð áhrif á meirihluta ökumanna og hafi slíkt eftirlit áhrif til fækkunar umferðarslysa er tilgangi með umferðareftirliti náð.

Í skýrslu sem kom út í desember 2012 og unnin var af Hagfræðistofnun að beiðni Umferðarstofu var reynt að meta kostnað þjóðfélagsins vegna umferðarslysa árið 2009. Það ár létust 17 einstaklingar í 15 umferðarslysum hér á landi þar af 14 Íslendingar en 1.282 slösuðust í umferðarslysum. Beinn kostnaður vegna umferðarslysa var talinn hafa verið 10,3 – 10,7 milljarðar en bætur sem tryggingafélög greiddu vegna slysa vega þar þungst og var sá kostnaður áætlaður um 85% af heildarkostnaði. Óbeinn kostnaður var áætlaður 12,4 – 12,9 milljarðar og vógu greiðslur frá tryggingafélögum til einstaklinga þungst sem voru áætlaðar um 11 milljarðar. Við útreikninga var ekki tekið tillit til illmælanlegra þátta eins og tilfinningalegra áhrifa sem dauði eða örkuhlun hefur á fjölskyldu og vini. Þá var ekki með í greiningu upplýsingar um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins og lífeyrissjóða til þeirra sem lentu í umferðarslysum og var það sérstaklega tekið fram í skýrslunni. Bar því að líta á kostnaðarmat sem lægri mörk á kostnað þjóðarinnar vegna umferðarslysa.

Mannslíf verður aldrei metið til fjár og ánægjulegt að geta greint frá því að ekkert banaslys varð í umferðinni í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi árið 2017 en 3 létust í umferðarslysum í umdæminu árið 2016.

Í þágu umferðaröryggis þarf að hefja meðalhraðaeftirlit á völdum vegaköflum í umdæminu og fjölga umferðarmerkjum og upplýsingaskiltum við helstu þjóðvegi. Þá er skortur á útskotum fyrir ökutæki við helstu þjóðvegi.

Lögreglustjóri hefur hvatt sveitarfélög í umdæminu til að sameinast um eina lögreglu-samþykkt fyrir Vesturland og að almannavarnanefndir verði sameinaðar í eina. Viðbrögð sveitarfélaga eru jákvæð og ekki von á öðru en að af þessum breytingum verði.

Lögreglumenn í landinu eru nú um 650 en voru 712 árið 2007. Í fylgiskjali með skýrslu innanríkisráðherra um störf nefndar um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland, sem lögð var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013, er gert ráð fyrir að 39 lögreglumenn verði við störf á Vesturlandi eftir fjölgun lögreglumanna fram til ársins 2017. Í lok árs 2017 voru 24 lögreglumenn við störf með menntun frá Lögregluskóla ríkisins. Skortur er á menntuðum lögreglumönnum en vonir eru bundnar við að breyting á kennsluháttum og menntun lögreglumanna komi til með að skila lögregluliðum landsins fleiri lögreglumönnum í framtíðinni. Fjárveitingar til rekstrar embættisins gefa ekki tilefni til bjartsýni og að hægt verði í náninni framtíð að manna 39 stöður lögreglumanna.


Þessari skýrslu er ætlað að veita tölfræðiupplýsingar og er ekki gefin út í prentuðu formi en er aðgengileg á lögregluvefnum, vefslóðinni: [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is). Í sumum tilvikum liggja fyrir í skýrslunni tölfræðiupplýsingar frá árinu 2013 en embætti lögreglustjórans á Vesturlandi var stofnað 1. janúar 2015.

Þakka ég þeim sem komu að söfnun upplýsinga í ársskýrslu embættisins.

Borgarnesi, 3. apríl 2018.  
Úlfar Lúðvíksson,  
lögreglustjóri á Vesturlandi.

## 1. SKIPURIT

Nýtt skipurit fyrir embættið var staðfest af ríkislögreglustjóra þann 28. apríl 2017. Skipuritið hefur ekki áhrif á mannafla- og fjárþörf embættisins. Yfirmenn deilda eru tveir yfirlögregluþjónar og aðstoðarsaksóknari sem jafnframt er staðgengill lögreglustjóra. Skipuritið var kynnt fyrir starfsmönnum áður en það var sent ríkislögreglustjóra til staðfestingar.



### 3. LÖGREGLUEMBÆTTIÐ

#### 3.1 Stefnumótun og áherslur árið 2017

Unnið hefur verið að breytingum á lögreglustöðvunum á Akranesi og í Borgarnesi. Áhersla var lögð á að auka búnað tæknideildar og útkallsliðs. Keypt var bifreið og hraðamynda-vélabúnaður sem vonir standa til að taka í notkun í byrjun árs 2018.

#### 3.2 Starfsmannahald

Tafla 1. Fjöldi starfsmanna í desember 2017 (greidd laun 1. des.).\*

	2015	2016	2017
Lögreglumenn (skipaðir/settir)	35	29	24
Launalaust leyfi lögreglumanns			1
Afleysingalögreglumenn			10
Héraðslögreglumenn			11
Skrifstofumenn	4	4	5
Lögfræðingar	2	2	2
Ræstitæknar			1
<b>Samtals</b>	<b>39</b>	<b>33</b>	<b>58</b>

\*Margir í hlutastarfi (afleysingalögreglumenn og héraðslögreglumenn)

#### 3.3 Tækja- og búnaðarmál

Ráðstafað var ca. 59 milljónum kr. til tækja- og búnaðarkaupa árið 2017.

### 4. ALMENN LÖGGÆSLA

Í almennri deild lögreglunnar á Vesturlandi störfuðu 24 lögreglumenn á árinu 2017 sem lokið höfðu námi frá Lögregluskóla ríkisins. Deildin hafði yfir að ráða 8 lögreglubílum en þrátt fyrir þörf á endurnýjun bíla varð engin endurnýjun á árinu. Von er á nýjum lögreglubíl í byrjun árs 2018 og óskað hefur verið eftir fleiri bílum. Umferðareftirlit er stór þáttur í starfseminni og var lögreglubílum ekið 319.334 km á árinu sem er 19% aukning frá fyrra ári. Hraðakstursbrotum fjölgaði á milli ára eða úr 1.520 í 1.923. Heildarfjöldi umferðarmála var 2.467.

#### 4.2 Umferðarmál

Umferð um umdæmið hefur aukist samfara mikilli fjölgun ferðamanna. Umferðarlagabrot voru á þriðja þúsund og flest vegna hraðaksturs.

#### 4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæðisvinna og forvarnir

Hefðbundið eftirlit fólst m.a. í eftirliti með ökuhraða og ölvunar- og fíkniefnaakstri.

#### 4.4 Fangageymslur

Fangaklefar eru í öllum sex lögreglustöðvum á Vesturlandi. Þrír klefar eru í Stykkishólmi, tveir í Grundarfirði, tveir í Ólafsvík, fjórir á Akranesi, þrír í Borgarnesi og einn í Búðardal. Nýtt eftirlitskerfi var sett í klefana á Akranesi árið 2017. Í töflu 2 má sjá tölur um handtökur og vistanir. Mismunur er á milli fjölda handtekinna og fjölda vistana og er skýringin sú að ekki er alltaf þörf á vistun þótt um handtöku sé að ræða. Dæmi um slík mál er ölvun við akstur þar sem ökumaður er handtekinn og færður á lögreglustöð til sýna- og skýrslutöku.

Sjaldan er þörf á vistun í þeim málum. Flestir sem lögregla handtekur eru grunaðir um ölvunar- eða fíkniefnaakstur.

**Tafla 2.** Fjöldi handtaka og fangavistana árin 2015-2017

	2015	2016	2017
<b>Handtökur</b>			
Fjöldi handtaka	276	129	151
Fjöldi einstaklinga	247	121	140
<b>Fangavistanir</b>			
Fjöldi fangavistana	105	44	55
Fjöldi einstaklinga	100	43	52

#### 4.5 Önnur verkefni lögreglu

Í töflu 3 eru birtar tölur um fjölda birtinga, útsendra sektarboða og tilkynninga í formi greiðsluseðla til eigenda eða ökumanna ökutækja. Hvað dómsárituðu sektar- boðin varðar þá er megnið af þeim afgreidd af öðrum embættum.

**Tafla 3.** Fjöldi fyrirkalla og annarra verkefna árin 2013-2017

	2013	2014	2015	2016	2017
Birtingar (ákæsur, fyrirköll, dómar, afplánunarbref o.fl.)	351	367	403	216	219
Útsend sektarboð			15.130	15.115	38.798
Dómsárituð sektarboð			73	30	4
<b>Samtals</b>					

## 5. RANNSÓKN BROTA

Lögreglufulltrúi og tveir rannsóknarlögreglumenn starfa í rannsóknardeild undir stjórn yfirlögregluþjóns sem fer fyrir löggæsludeild embættisins. Rannsóknardeildin sinnir m.a. verkefnum sem kveðið er á um í reglugerð nr. 192/2008. Starfsmenn deildarinnar veita lögreglumönnum í almennri deild aðstoð eftir þörfum. Við stofnun embættisins var ákveðið að rannsóknardeild embættisins yrði áfram staðsett á Akranesi þar sem flestir búa í þéttbýli. Aðstaða til rannsókna er til fyrirmyndar bæði hvað varðar vinnuástöðu og tækjabúnað. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra brotaflokka sem koma til meðferðar hjá rannsóknardeild.

### 5.1 Auðgunarbrot

Rannsóknardeild annast rannsóknir auðgunarbrot (skilasvik, fjársvik og skjalafals) og veitir almennri deild nauðsynlega aðstoð við rannsókn minniháttar auðgunarbrot eins og þjófnaðar- og gripdeildarbrot.

## 5.2 Fíkniefnabrot

Sem fyrr reynir lögreglan að sporna við sölu, framleiðslu og dreifingu fíkniefna.

Almenn deild sér um rannsóknir fíkniefnamála að mestu leyti. Aðkoma rannsóknardeildar felst að mestu í stuðningi við rannsóknir, öflun heimilda og framsetningu krafna fyrir dómstólum auk upplýsingaöflunar. Rannsóknardeild á beina aðkomu að rannsóknum flóknari mála þar sem rannsókn getur beinst að framleiðslu og dreifingu fíkniefna og þegar beita þarf flóknum og sértækum rannsóknaraðgerðum.

## 5.3 Ofbeldisbrot

Rannsóknardeild kemur að rannsóknum kynferðis- og manndrápsmála og alvarlegum ofbeldismálum. Við rannsóknir minniháttar ofbeldismála er það hlutverk rannsóknardeildar að styðja almenna deild við rannsókn mála.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á rannsóknir heimilisofbeldismála og er góð samvinna við barnaverndarnefndir í umdæminu.

## 5.4 Fjármunabrot

Nokkuð bar á tilkynningum um tilraunir til svika á netinu. Slík brotastarfsemi á í flestum tilvikum uppruna sinn erlendis. Viðbrögð við slíkum tilkynningum eru þau að senda út aðvaranir á samfélagsmiðlum og reyna að leiðbeina fólki hvernig best sé að bregðast við tilraunum brotamanna til að hafa fé af fólki á netinu.

# 6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR

## 6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála

Ákærur eru gefnar út í nafni lögreglustjórans á Vesturlandi en saksókn fyrir héraðs-dómi og önnur afgreiðsla mála er í höndum aðstoðarsaksóknara eða saksóknarfulltrúa. Ekki liggja fyrir upplýsingar um málshraða við rannsókn einstakra mála.

77 nýjar ákærur voru gefnar út á árinu vegna 101 brots. Þetta er um 57% fjölgun ákæra frá síðasta ári, en samt um 17% fækkun frá meðaltali síðustu fjögurra ára.

Fjögur mál voru send til dómsáritunar. Það er mikil fækkun frá fyrri árum sem er talin skýrast af skilvirkara verklagi og meiri eftirfylgni með sektarboðum.

Tafla 4. Fjöldi ákæra árin 2013-2017\*

	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi brota í ákæru *	232***	147***	148	88	101
Fjöldi ákæra**	147***	86***	86	49	77

\*Ein ákæra getur falið í sér mörg mismunandi brot. Ekki á að telja slíka ákæru sem eina ákæru heldur á að telja brotin í ákærunni. Ein ákæra með fimm brotum er því talin sem fimm brot ákærð. Setja á fjölda ákærðra brota í töfluna hér að ofan.

\*\*Fjöldi útgefina ákæra án tillits til fjölda brota eða mála.

\*\*\* Tölur frá embættum sem lögð voru niður 31. desember 2015 og rekstur sameinaður nýju embætti lögreglustjórans á Vesturlandi.

## 6.2 Sektargerðir

Fjöldi sektargerða var 234 og fjölgar töluvert á milli ára.

Alla jafnan er málsmeðferðartími stuttur þegar máli lýkur með samþykkt sakbornings á sektargerð. Ef sakborningur samþykkir ekki sektargerð þarf lögreglustjóri að fella hana niður og gefa út ákæru. Í þeim málum er meðferðartími lengri.



Tafla 5. Fjöldi útsendra sektargerða árin 2013-2017

	2013	2014	2015	2016	2017
Útsendar sektargerðir	237	186	357	218	234

## 7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2013-2017

**Fyrirvari:** Tölur um afbrot eru fengnar frá embætti ríkislögreglustjóra. Athugið að tölur fyrir árið 2017 eru bráðabirgðatölur en tölur fyrir árin 2013, 2014, 2015 og 2016 eru staðfestar tölur um afbrot birt í afbrotatölfræðiskýrslu ríkislögreglustjóra.

### 7.1 Umferðarlagabrot

Kærum vegna umferðarlagabrota fækkaði lítið eitt á milli ára eða um 3%. Þó fjölgaði kærum vegna of hraðs aksturs um 13%.

Tafla 6. Fjöldi umferðarlagabrota árin 2013-2017

	2013	2014	2015	2016	2017
Umferðarlagabrot alls	1084	1344	2210	2142	2459
Of hraður akstur. Tilgreindur hraði (að undanskildum brotum á stafrænar hraðamyndavélar)	534	805	1284	1456	1921
Ölvun við akstur	56	59	77	45	64
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	71	80	125	44	74

### 7.2 Fjöldi umferðarslysa

Umferðarslys verða flest utan þéttbýlis í umdæminu.

Tafla 7. Fjöldi umferðarslysa\* árin 2013-2017

	2013	2014	2015	2016	2017
Samtals	58	57	363	343	360
Banaslys	3	1	2	3	0
Alvarleg slys	11	9	14	13	8
Minniháttar slys	44	47	54	54	61
Óhöpp án meiðsla			293	273	291

\*Upplýsingar sóttar í skýrslu um umferðarslys á Íslandi sem Samgöngustofa gefur út.

## 7.3 Sérrefsilagabrot

Tafla 8. Fjöldi sérrefsilagabrota árin 2013-2017

	2013	2014	2015	2016	2017
Sérrefsilagabrot alls	84	82	105	72	103
Áfengislagabrot	26	9	9	5	3
Fíkniefnabrot	58	73	96	27	39

## 7.4 Hegningarlagabrot

Áberandi fækkun á milli ára í flestum brotaflokkum.

Tafla 9. Fjöldi hegningarlagabrota árin 2013-2017

	2013	2014	2015	2016	2017
Hegningarlagabrot alls	385	324	271	218	243
Par af:					
Auðgunarbrot	176	142	126	96	102
Innbrot	50	45	44	23	46
Þjófnaður	162	129	114	84	95
Manndráp og líkamsmeiðingar alls	56	38	36	35	21
Par af:					
Manndráp (211. gr.)	0	0	1	1	0
Líkamsrásir (217. gr.)	46	32	26	28	17
Líkamsrásir (218. gr.)	9	5	8	3	4
Kynferðisbrot alls	31	30	4	3	4
Eignaspjöll alls	75	72	55	51	48

## 8. SÉRSTÖK VERKEFNI

Frá árinu 2007 hefur úrvinnsla úr stafrænum hraðamyndavélum verið hjá sýslumanninum í Stykkishólmi en frá 1. janúar 2015 hjá lögreglustjóranum á Vesturlandi. Þessi vinna hefur frá upphafi farið fram á lögreglustöðinni í Stykkishólmi. Starfsmenn þar eru þrír að meðtöldum stjórnanda sem hefur stöðu lögreglufulltrúa.

Veittar voru 15 milljónir kr. til úrvinnslu úr stafrænum löggæslumyndavélum til lögreglustjórans á Vesturlandi árið 2017 og hefur fjárveiting hækkað um 1 milljón kr. frá árinu 2007.

Fyrstu tvær hraðamyndavélnar voru settar upp við Vesturlandsveg í Hvalfjarðarsveit í júlí 2007 en í dag er fjöldi þeirra 18.

Tafla 10. Skráð hraðakstursbrot árin 2013-2017

	2013	2014	2015	2016	2017
Skráð brot (stafrænar myndavélar)	13.028	28.123	33.678	45.911	36.249
Meðalfjöldi brota á dag	36	77	92	126	99
% skráðra hraðakstursbrota	54,2%	75,7%	79,9%	80,5%	57%
Fjöldi myndavéla	18	18	18	18	18

## 9. YFIRLIT UM AFKOMU ÁRSINS 2017

	2017	2016
<b>Tekjur samtals</b>		
Framlög ríkissjóðs	585.380.496	573.400.000
Seld þjónusta	3.293.358	1.414.217
Aðrar tekjur	15.963.631	17.5655.810
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	<u>3.540.752</u>	<u>0</u>
<b>Tekjur samtals</b>	<b>608.178.237</b>	<b>592.380.027</b>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	484.605.167	452.705.498
Framlög og tilfærslur	0	26.200
Annar rekstrarkostnaður	129.637.582	107.196.192
Afskriftir	<u>3.540.752</u>	<u>5.990.408</u>
<b>Gjöld samtals</b>	<b>617.783.501</b>	<b>565.918.298</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>	<b>(9.605.264)</b>	<b>26.461.729</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(63.982)	(39.763)
<b>Afkoma ársins</b>	<b><u>(9.669.246)</u></b>	<b><u>26.421.966</u></b>